



Greinargerð

## B-hluta fyrirtækja

Við framlagningu árshlutareiknings  
Reykjavíkurborgar janúar – júní 2016

Lagt fram íborgarráði  
25. ágúst 2016

## Efnisyfirlit

---

B-hluti .....	1
Faxaflóahafnir .....	1
Félagsbústaðir .....	3
Orkuveita Reykjavíkur .....	5
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs .....	8
SORPA bs .....	9
Strætó bs .....	10
Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki .....	12

## B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.

Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

### Faxaflóahafnir

Faxaflóahafnir sf. (mkr)	Raun jan-jún 2016	Raun jan-jún 2015	Frávik	%
Rekstrartekjur	1.564	1.425	140	9,8%
Rekstrargjöld	-1.334	-1.324	-11	0,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-5	-21	16	-77,4%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>226</b>	<b>80</b>	<b>146</b>	<b>182,1%</b>

**Rekstrarhagnaður fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2016 nam 225,5 mkr** en til samanburðar var rekstrarhagnaður 79,9 mkr fyrir sama tíma árið 2015.

**Rekstrartekjur** námu 1.564,3 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 1.451,2 mkr. Fyrir

sama tímabil 2015 voru tekjur 1.424,5 mkr og hafa því hækkað um 9,8% á milli ára. Tekjur stefna í að verða eitthvað hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Vörugjöld verða væntanlega hærri en reiknað var með í áætlun en aflagjöld lægri.

Að svo stöddu er þó of snemmt að spá um þróun vöruflutninga til og frá landinu. Miðað við sama tíma á árinu 2015 þá voru magntölur í innflutningi nánast þær sömu, en magn í útflutningi aðeins meira m.v. sömu viðmiðun. Því verður að sjá til hvernig tekjur skila sér seinni hluta ársins, en ekkert bendir til annars en að niðurstaðan verði jákvæð.

**Rekstrargjöld** námu 1.334,0 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 1.420,5 mkr. Fyrir sama tímabil árið 2015 voru þau 1.323,5 mkr þannig að þau hækka um 1% á milli ára. Útgjöldin ráðast ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig af sérgreindum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur voru í samræmi við áætlun. Rekstrarafgangur fyrstu sex mánuðina var hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

**Heildareignir** námu 13.846,1 mkr og voru nánast óbreyttar frá áramótum. Þar af námu **fastafjármunir** 11.638,6 mkr og **veltufjármunir** 2.207,5 mkr.

**Heildarskuldir** voru 1.335,6 mkr og **langtímaskuldir** eru svipaðar og um síðustu áramót.

**Eigið fé** nam 12.510,5 mkr. Greiddur var út **arður** til eigenda sem nam 310,0 mkr.

**Handbært fé frá rekstri** var 509,9 mkr. **Fjárfestingar** námu 693,1 mkr á fyrstu sex mánuði ársins og ekki verður annað séð en að fjárfestingar ársins verði í meginatriðum í takt við fjárhagsáætlun, sem gerir ráð fyrir liðlega 2,0 mkr til fjárfestinga. Meginframkvæmd ársins er bygging hafnarbakka við **Kleppsbakka** og er það verkefni komið vel af stað. Ekki liggur fyrir nú hvenær framkvæmdir á **Grundartanga** fara af stað en það ræðst af endanlegum samningum Sillicor Materials um fyrirhugað verkefni félagsins á Grundartanga. Önnur verkefni samkvæmt fjárhagsáætlun eru eins og ráð er fyrir gert. **Handbært fé** var 1.618,6 mkr í lok tímabils en gæti lækkað þegar líður á árið m.a. vegna fjárfestinga.

Útlit er fyrir að niðurstaða ársins 2016 verði mögulega **eitthvað hagstæðari** en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins. Helstu óvissuþættir þar að lútandi ráðast af þróun vöruflutninga og úthlutun lóða, en aðrir liðir ættu almennt að vera í samræmi við fjárhagsáætlun ársins.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir 6 mánaða uppgjör árin 2012-2016:

Faxaflóahafnir	2012	2013	2014	2015	2016
Eiginfjárhlutfall	83,2%	83,6%	86,3%	89,3%	90,4%
Arðsemi eigin fjár	-0,5%	2,7%	2,3%	1,4%	3,6%
Veltufjárhlutfall	12,64	1,73	1,73	3,60	4,96
Langtímaskuldir/eigið fé	18,8%	13,2%	9,8%	8,1%	7,1%
Uppgreiðslutími	2	2	1	1	1

- Rekstarniðurstaða er um 200 mkr betri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir og um 145,5 mkr betri en fyrir sama tímabil í fyrra.
- Staða á handbæru fé er mjög góð og sýnir sterka stöðu fyrirtækisins. Veltufjárhlutfall er mjög gott.
- Kennitölur félagsins lýsa miklum fjárhagslegum styrk. Með tilliti til þess hefur félagið alla burði til þess að greiða eigendum sínum arðgreiðslur í framtíðinni.

#### **Ábendingar Fjármálaskrifstofu:**

- Vakin er athygli á háu eiginfjár- og veltuhlufalli en lágri arðsemi eigin fjár sem bendir til að fjárbinding í félaginu sé hærrí en félagið getur ávaxtað með góðu móti.
- Mikilvægt er að móta eigendastefnu, áhættu- og arðgreiðslustefnu fyrir félagið.

## Félagsbústaðir

Félagsbústaðir hf. (mkr)	Raun		Frávik	%
	jan-jún 2016	jan-jún 2015		
Rekstrartekjur	1.625	1.543	81	5,3%
Rekstrargjöld	-854	-816	-38	4,6%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-943	-972	29	-3,0%
Áhrif fjárfestingaeigna	5.554	1.406	4.149	295,1%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>5.382</b>	<b>1.161</b>	<b>4.221</b>	<b>363,6%</b>

Hálfsársuppgjör Félagsbústaða er gert samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með

starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Í hálfársuppgjöri Félagsbústaða og Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016 eru fjárfestingareignir metnar til gangvirðis.

**Hagnaður nam 5.382 mkr** á fyrri helmingi árs 2016 en var 1.161 mkr fyrir sama tímabil árið 2015.

**Rekstrarhagnaður fyrir vaxtagjöld, verðbætur lána og matsbreytingu fjárfestingaeigna** jókst um 6,0% milli ára, var 771 mkr á fyrri hluta ársins 2016 en var 727 mkr á fyrri hluta ársins 2015. Hrein vaxtagjöld námu 502 mkr og hækkuðu um 4,8% milli ára. Fyrri hluta árs 2016 nam **vaxtaþekja rekstrarhagnaðar 1,55** miðað við 1,52 fyrir sama tímabil árið á undan.

**Rekstrarafkoma fyrir verðlagsbreytingar lána og matsbreytingu eigna nam 269 mkr** á fyrri hluta ársins 2016 miðað við 248 mkr fyrir sama tímabil árið á undan sem er 8,3% aukning milli ára. Verðbreyting lána nam samtals 441 mkr en á tímabilinu hækkaði vísitala neysluverðs til verðtryggingar um 1,4%. Við mat á eignum Félagsbústaða til útleigu er stuðst við fasteignamat sem Þjóðskrá Íslands reiknar og tekur gildi í upphafi árs 2017 (verðmæti m.v. feb 2016), að teknu tilliti til 4,8% hækkunar á vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu frá febrúar 2016 til loka tímabilsins. Matsbreyting fjárfestingaeigna félagsins nam 5.554 mkr á fyrri hluta árs 2016 en var 1.399 mkr fyrir sama tímabil árið 2015.

**Rekstrartekjur** Félagsbústaða hf. á fyrri hluta ársins 2016 námu 1.625 mkr, sem er 5,3% aukning tekna frá sama tímabil árið á undan, aðallega vegna verðlagshækkunar leigu og stækkunar eignasafnsins.

**Rekstrargjöld** námu samtals 854 mkr á fyrri hluta árs 2016 og hækkuðu um 4,6% milli ára. Af einstökum rekstrarþáttum hækkaði rekstrarkostnaður fasteigna um 11,6% og gjaldfært viðhald fasteigna minnkaði um 5,5% en það er á tímabilinu 20,2% af heildartekjum. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður á fyrri hluta árs hækkaði um 13,7% milli ára.

**Heildareignir** Félagsbústaða hf. um mitt ár 2016 námu 59,6 mkr og hafa aukist um 6,1 mkr frá áramótum (11,3%) aðallega vegna matsbreytinga fjárfestingaeigna félagsins. Eigið fé félagsins nam 27 mkr um mitt ár 2016 og jókst um tæplega 5,4 mkr frá áramótum, eða um 24,8%. Eiginfjárlutfall er 45,3% um mitt ár 2016 en var 40,2% um áramót.

**Heildarskuldir** fyrirtækisins um mitt ár 2016 eru 32,7 mkr en voru 32,2 mkr í árslok 2015.

**Handbært fé frá rekstri** er 148 mkr fyrri hluta árs 2016 en var 182 mkr fyrir sama tímabil árið á undan. Lækkunin skýrist aðallega af breytingum á rekstartengdum skammtímakröfum og skuldum. Fjárfestingar á fyrri hluta árs 2016 námu 304 mkr miðað við 463 mkr fyrir sama tímabil árið áður. Fjármögnunarahreyfingar fyrri hluta árs 2016 nema 157 mkr, samanborið við 278 mkr árið áður. Fyrri hluta árs 2016 keypti félagið 8 íbúðir en engin íbúð var seld.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða fyrir hálfársuppgjör 2014-2016 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2014	2015	2016
Vaxtaþekja (EBIT/nettó gr.vextir)	1,59	1,52	1,55
Skuldaþekja (EBIT/(afb. + nettó gr. vextir))	1,03	0,99	1,00
Eiginfjárlutfall	33,6%	37,9%	45,3%
Veltufjárlutfall	0,20	0,10	0,10
Langtímaskuldir/eigið fé	191,3%	156,2%	115,9%
Uppgreiðslutími	53	60	58

## Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Á tímabilinu jukust heildareignir félagsins mikið, eða um 11,3%, aðallega vegna matsbreytingar fjárfestingaeigna. Við mat á verðmæti fjárfestingaeigna félagsins er stuðst við nýútgefið fasteignamat, sem miðast við verðlag í febrúar, og verðþróun frá febrúar til loka tímabilsins er áætluð miðað við þróun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu. Þessi matsaðferð getur skapað skekkju sem kallar á leiðréttingu þegar nýtt fasteignamat kemur út vegna þess að aðferðin gerir ráð fyrir að verðmæti fasteigna félagsins þróist innan ársins í samræmi við meðalverðþróun á höfuðborgarsvæðinu. Í nýútgefnu fasteignamati reynist verðmæti eigna Félagsbústaða töluvert meira en gert hafði verið ráð fyrir í ársuppgjöri félagsins og skýrir það að hluta mikla hækkun á metnum eignum félagsins í uppgjörinu nú. Matsbreyting fjárfestingaeigna skýrist að öðru leyti af hækkun vísitölu íbúðaverðs um 4,8% frá febrúar til júní. Óvíst er hversu vel þessi hækkun endurspeglar raunaukningu á verðmæti eigna félagsins á tímabilinu og getur hún kallað á leiðréttingu við útgáfu fasteignamats á næsta ári, til hækkunar eða lækkunar.
- Hagnað félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins má að mestu leyti rekja til 5,6 mkr matsbreytingar fjárfestingaeigna. Mikilvægt er að hafa í huga að hagnaður sem rekja má til hækkunar fasteignaverðs verður aðeins innleystur með sölu eigna og því hefur hann lítið að segja um grunnrekstur félagsins meðan ekki eru áform um að minnka framboð leiguíbúða. Hækkun fasteignaverðs hefur raunar neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins þar sem hún leiðir til hærri kostnaðar við rekstur fasteigna, viðhaldsframkvæmdir og öflun nýrra eigna. Tekjur félagsins hafa ekki haldið í við verðþróun þessara kostnaðarliða þar sem tekjur fylgja vísitölu neysliverðs til verðtryggingar sem hækkaði aðeins um 1,4% á tímabilinu.
- Kostnaður við rekstur fasteigna (þ.m.t. skattar og gjöld) hækkuðu um 11,5% milli ára, aðallega vegna hækkunar húsfélagsgjalda og hækkunar fasteignamats. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 18,6% vegna kjarasamninga og ráðningar nýs fjármálastjóra hjá fyrirtækinu. Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um 31,1% en þessi liður er lítill hluti heildarrekstrarkostnaðar. Gjaldfærður viðhaldskostnaður lækkaði hins vegar um 5,5% og var 20,2% af tekjum en fyrir árið í heild gert ráð fyrir því að kostnaðurinn verði 21,3% af tekjum.
- Á tímabilinu var gengið frá langtímafjármögnun á stórum hluta skammtímaskulda við lánastofnanir og skulda vegna fasteignakaupa sem voru útistandandi í lok síðasta árs. Annars vegar var tekið 500 mkr lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga með veði í útsvarstekjum borgarinnar og hins vegar voru tekin félagsleg lán hjá Íbúðalánasjóði. Í lok júní stóðu eftir 549 mkr í skammtímaskuldir og skuldir vegna fasteignakaupa og er gert ráð fyrir að þessar skuldir verði fjármagnaðar með langtímalánum frá Íbúðalánasjóði á síðari hluta ársins.
- Vaxtaþekja (1,55) og skuldaþekja (1,00) félagsins eru yfir lágmarkum (1,4 og 0,9) sem voru skilyrði fyrir veitingu veðheimildar borgarsjóðs vegna endurfjármögnunar á FEL97 skuldabréfaflokki hjá Lánasjóði sveitarfélaga árið 2013. Vakin er athygli á því að íbúðakaup félagsins á síðasta ári voru að mestu fjármögnuð með skammtímalánum en vextir af þessum lánum eru taldir sem hluti fjárfestingakostnaðar (þeir eru eignfærðir en ekki gjaldfærðir) og ekki eru greiddar afborganir af þeim. Þegar skammtímalánin hafa að fullu verið endurfjármögnuð með langtímalánum verða vaxtaþekja og skuldaþekja lakari sem nemur greiddum afborgunum og vöxtum af þessum lánum.
- Í júní voru samþykkt á Alþingi lög um almennar íbúðir sem marka nýja umgjörð um stuðning hins opinbera við uppbyggingu eða kaup á leiguhúsnæði fyrir tekjulága. Gert er ráð fyrir að fyrstu verkefni í nýja kerfinu fari af stað á haustmánuðum.

### Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Uppgjörið ber vott um nokkuð gott jafnvægi í grunnrekstri Félagsbústaða og eru fjárhagslegir mælikvarðar eins og vaxtaþekja og skuldaþekja umfram lágmark sem sett hafa verið. Hins vegar er ljóst að kostnaður við rekstur fasteigna félagsins, viðhaldsframkvæmdir og öflun nýrra eigna hefur aukist töluvert umfram tekjur undanfarin misseri og horfur er á að svo verði áfram vegna þenslu á fasteignamarkaði. Þessi þróun getur ógnað sjálfbærni félagsins, sérstaklega þar sem til stendur að fjölga eignum félagsins töluvert á næstu árum. Hafin er greining af hálfu félagsins á viðhaldsþörf fasteigna til lengri og skemmri tíma og unnið er að nýju gjaldskrárlíkani. Mikilvægt er að leitað verði allra leiða til að tryggja hagkvæmni viðhalds- og nýframkvæmda, m.a. með útboðum og virku kostnaðareftirliti, og að metin verði þörf á endurskoðun gjaldskráa félagsins í ljósi vaxandi kostnaðar.
- Að mati fjármálaskrifstofu er ástæða til að fylgjast náið með þróun efnahagsmála og byggingamarkaðar á næstu misserum og meta hvort vaxandi þensla gefi tilefni til að endurskoða áfangaskiptingu á stækkunaráformum félagsins. Nýsamþykkt lög um opinber fjármál gera ráð fyrir að opinberir aðilar rífi seglin þegar merki eru um uppgang í hagkerfinu og þenji þau í staðinn á samdráttartímum, enda styður það bæði við efnahagslegan stöðugleika og leiðir til minni framkvæmdakostnaðar þar sem samkeppni um vinnuafli er minni á samdráttartímum. Í tilviki Félagsbústaða hefur framkvæmdakostnaður bein áhrif á það leiguverð sem félagið getur boðið.
- Lög um almennar íbúðir voru samþykkt á Alþingi í júní. Mikilvægt er að félagið vinni að því á næstu mánuðum að greina áhrif laganna á framkvæmdaáform félagsins næstu árin og að tryggja fjármögnun framkvæmdanna í þessu nýja umhverfi.

Orkuveita Reykjavíkur (mkr)	Raun jan-jún 2016	Raun jan-jún 2015	Frávik	%
Rekstrartekjur	20.955	20.479	476	2,3%
Rekstrargjöld	-13.518	-12.242	-1.275	10,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-935	-6.109	5.174	-84,7%
Tekjuskattur	-1.474	133	-1.607	-1211,5%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>5.029</b>	<b>2.260</b>	<b>2.769</b>	<b>122,5%</b>

**Rekstrarniðurstaða samstæðunnar** var jákvæð um 5.029 mkr samanborið við hagnað á sama tíma árið áður að fjárhæð 2.260 mkr.

**Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA)** var 12.741 mkr samanborið við 13.036 mkr 2015. EBITDA er því 2,3% lægri en á síðasta ári.

**Rekstrartekjur** tímabilsins námu 20.955 mkr en voru 20.479 mkr á sama tímabili 2015 sem er 2,3% hækkun. Tekjuaukning varð í öllum miðlum á árinu sem meðal annars má rekja til verðlagstengingar gjaldskráa. Tekjur af rafmagnssölu hækkuðu um 109 mkr, sala á heitu vatni hækkaði um 101 mkr milli ára vegna aukinnar notkunar.

Tekjur skiptast á þrjá starfsþætti: Orku náttúrunnar, Veitur og aðra starfsemi. Framleiðsla raforku, sala hennar og gagnaveita eru samkeppnisrekstur og nema tekjur þeirra 33,0% af heildartekjum samstæðu OR.

**Rekstrargjöld** tímabilsins námu 13.518 mkr að meðtöldum afskriftum en voru 12.242 mkr á sama tímabili 2015 sem er 10,4% hækkun.

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 626 mkr milli ára og má það rekja til fjölgunar starfsmanna vegna nýrra verkefna og kjarasamninga.

**Rekstrarhagnaður (EBIT)** nam 7.438 mkr en var 8.237 mkr á sama tímabili í fyrra og lækkaði um 9,7% milli ára.

**Fjármagnsliðir** voru neikvæðir um 931 mkr á tímabilinu en voru neikvæðir um 6.113 mkr fyrir ári síðan.

**Heildareignir** voru 305.505 mkr í lok tímabilsins en voru 310.990 mkr í lok árs 2015.

**Eigið fé** í lok tímabils var 116.892 mkr en var 114.771 mkr í lok árs 2015.

**Heildarskuldir** fyrirtækisins í lok tímabils voru 188.612 mkr en voru 196.218 mkr í árslok 2015 og hafa því lækkað um 7.606 mkr frá árslokum 2015. Vaxtaberandi skuldir hafa lækkað um 7.560 mkr frá árslokum. Skuldir vegna innbyggðra afleiða á raforkusölusamningum hafa lækkað um 2.342 mkr.

**Handbært fé frá rekstri** nam 11.774 mkr á tímabilinu og hækkaði um 6,6% miðað við fyrra ár. Hækkunina má einna helst rekja til lægri vaxtagreiðslna og tekna af varnarsamningum.

**Fjárfestingarhreyfingar** námu 5.174 mkr fyrstu 6 mánuði ársins samanber 1.600 mkr á sama tíma 2015. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 5.569 mkr en var 3.320 mkr á sama tímabili 2015.

**Fjármögnunarhreyfingar** tímabilsins nettó voru útstreymi að fjárhæð 4.746 mkr en voru útstreymi upp á 8.627 mkr á sama tíma 2015.

Orkuveita Reykjavíkur hefur fylgt aðgerðaáætlun „Planinu“ sem unnið var í samstarfi við eigendur frá vormánuðum 2011. Í Planinu voru sett mjög metnaðarfull markmið um aðhald í rekstri og minnkun fjárfestinga auk samþykktar leiðréttinga á gjaldskrá, eignasölu og láns frá eigendum.

**Árangur Plansins** á fyrri helmingi ársins var 303 mkr betri en gert var ráð fyrir sem rekja má fyrst og fremst til lækkunar annarra fjárfestinga um 214 mkr umfram áætlun og tekna vegna leiðréttingar gjaldskrár umfram markmið um 188 mkr. Á árunum 2011 til 2016H1 er heildarárangur Plansins um 8.487 mkr umfram markmið tímabilsins.

Þrátt fyrir að markmið Plansins hafi hingað til gengið eftir eru skuldir Orkuveitunnar verulegar og áhrif vaxta, álverðs og gengis geta verið mikil á rekstur og efnahag fyrirtækisins. Álverð, sem hefur verið í sögulegu lágmarki undanfarið, hefur neikvæð áhrif á tekjur en á móti hefur gengisstyrking og lágir vextir haft jákvæð áhrif. Orkuveitan hefur haldið áfram að styrkja lausafjárstöðu sína og aukið töku áhættuvarnarsamninga til þess að verja sjóðstreymið.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Orkuveitu Reykjavíkur janúar – júní 2012-2016:

Orkuveita Reykjavíkur	2012	2013	2014	2015	2016
Eiginfjárlutfall	20,9%	22,2%	29,5%	34,0%	38,3%
Arðsemi eigin fjár	-3,0%	12,9%	9,8%	4,6%	9,1%
Veltufjárlutfall	0,29	0,67	0,87	0,77	0,88
Skuldsetningarhlutfall	332,5%	306,3%	212,0%	170,7%	138,0%
Skuldabekja (EBIT /gr afb + Nettó gr. vextir)	0,64	0,46	0,53	0,77	1,03
Skuldabekja (EBITDA /gr afb + Nettó gr. vextir)	0,99	0,69	0,84	1,21	1,77
Vaxtabekja (EBIT/(n.greiddir vextir)	2,87	2,85	3,47	3,85	5,20
Vaxtabekja (EBITDA/(n.greiddir vextir)	4,49	4,29	5,47	6,09	8,91
Uppgreiðslutími lána (skuldir/veltuf.frá rekstri)	11,4	9,7	10,5	9,6	8,9
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	52,2%	55,6%	50,6%	51,3%	50,7%
Framlegð	66,0%	66,8%	63,0%	63,7%	60,8%

Í eftirfarandi töflu eru sýndir **fjárhagslegir mælikvarðar til arðgreiðslu** og arðgreiðsluskilyrði fyrirtækisins fyrir árin 2016-2018:

	2012*	2013*	2014*	2015*	2016F2	Skilyrði
Veltufjárlutfall	0,5	0,6	0,7	0,8	0,9	>1,0
Eiginfjárlutfall	20,4%	28,6%	33,2%	36,9%	38,3%	>35%
FFO vaxtabekja	3,5x	4,0x	5,6x	5,5x	5,2x	>3,5x
RCF / nettó skuldir	8,3%	10,6%	12,8%	13,8%	14,3%	>11%
FFO / nettó skuldir	8,3%	10,6%	12,8%	13,8%	14,3%	>13%

\* Gildi í lok árs


Fyrirtækið er eins og áður viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess.

Í júní 2016 samdi OR um endurfjármögnun á láni að fjárhæð 4,6 mkr. Lánið var kúlulán sem koma átti til greiðslu í desember 2016. Samið var um greiðslu á 1,9 mkr með fjórum afborgunum á sex mánaða fresti og lokaggjalddaga 14. desember 2018. Afgangurinn, 2,7 mkr, var endurfjármagnaður með útgáfu bréfa í skuldabréfaflokknum OR090546.

### Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Heildarárangur Plansins er nú orðinn 57,2 mkr sem er 8,5 mkr yfir markmiði tímabilsins 2011-2016F2. Fyrirtækið hefur þegar náð 51,3 mkr heildarmarkmiði Plansins fyrir árin 2011-2016.
- Vaxtaberandi skuldir og greidd vaxtagjöld halda áfram að lækka. Frá miðju síðasta ári hafa vaxtaberandi skuldir lækkað um 19,5 mkr eða 11,0% og greidd vaxtagjöld hafa lækkað úr 2,2 mkr í 1,9 mkr eða um 14,6%.
- Töluverður viðsnúningur er á fjármagnsliðum samanborið við fyrra ár. Á tímabilinu voru tekjufærðir 2,3 mkr vegna gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum, samanborið við 4,2 mkr gjaldfærslu fyrir ári síðan. Álverð hækkaði um 8,6% á tímabilinu sem leiddi til hækunar á framvirkum álverðsferlum á markaði og um leið hækkuðu væntar tekjur OR af raforkusölu til stóriðju út líftíma raforkusölusamninga. Frá lokum uppgjörstímabilsins hefur álverð staðið nokkurn veginn í stað og því er líklegt að aftur verði tekjufærsla vegna innbyggðra afleiða í níu mánaða uppgjöri.
- Horfur eru á að meðalálverð á árinu 2016 verði nokkuð í samræmi við forsendur áætlunar fyrirtækisins fyrir árið 2016. Í fimm ára áætlun er gert ráð fyrir að álverð hækki jafnt og þétt næstu árin og verði fjórðungi hærra að jafnaði árið 2021 en það var í lok árs 2015.





- Gengismunur hefur tiltölulega lítil áhrif á rekstrarreikning þar sem vegast á sveiflur í gengi krónu gagnvart evru (3,3% styrking krónu sem hefur jákvæð áhrif), Bandaríkjadal (5,7% styrking krónu sem hefur neikvæð áhrif), japönsku jeni (9,7% veiking krónu sem hefur neikvæð áhrif) og svissneskum franka (3,9% styrking krónu sem hefur jákvæð áhrif). Veikingu krónu gagnvart jeni má m.a. rekja til ásóknar í gjaldmiðilinn á alþjóðamörkuðum vegna niðurstöðu þjóðaratkvæða-greiðslu um útgöngu Breta úr Evrópusambandinu.
- Gengisþróun hefur þó neikvæð áhrif á eigið fé. Hagnaður tímabilsins var 5,0 mkr en eigið fé hækkaði aðeins um 2,1 mkr vegna neikvæðra áhrifa gengisstyrkingar krónu gagnvart dollar á eigið fé Orku náttúrunnar.
- Það sem af er árs hefur fyrirtækið tekið langtímalán sem nemur 1,0 mkr í tveimur nýjum skuldabréfaflokkum, annars vegar til 8 ára (OR090524) og hins vegar til 30 ára (OR090546). Flokkarnir eru án ábyrgðar eigenda og stefnt er að frekari útgáfu í þeim á næstu misserum. Í júní samdi OR um endurfjármögnun á láni að fjárhæð 4,6 mkr sem var kúlulán og átti að koma til greiðslu í desember 2016 sbr. nánari upplýsingar hér að framan. Fyrirtækið á nú í viðræðum við Evrópska fjárfestingabankann (EIB) um lántöku að fjárhæð 70 milljónir evra, sem jafngildir rúmum 9 mkr á núverandi gengi, þar sem gert er ráð fyrir ábyrgð eigenda.

#### Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Tekjur fyrirtækisins jukust um 2,3% frá fyrra ári meðan rekstrarkostnaður jókst um 10,4% og afskriftir um 10,5%. Framlegð fyrirtækisins (EBITDA) dróst því saman um 2,3% milli ára og rekstrarhagnaður (EBIT) dróst saman um 9,7%. Framlegð sem hlutfall af rekstrartekjum minnkaði úr 63,7% í 60,8% og hefur minnkað úr 66,8% frá árinu 2013.
- Í lok tímabilsins átti fyrirtækið 8,5 mkr í formi handbærs fjár, bundinna innlána og markaðsverðbréfa samanborið við 11,2 mkr fyrir ári síðan. Veltufjárhlutfall var 0,88 í lok tímabilsins samanborið við 0,77 árið áður. Skv. áætlun OR er í lok árs gert ráð fyrir að handbært fé, bundin innlán og markaðsverðbréf nemi um 19 mkr og að veltufjárhlutfall verði yfir 1,0 sbr. markmið arðgreiðsluskilyrða fyrirtækisins. Þessi áætlun er háð því að fyrirtækið nái markmiði um alls 15,7 mkr lánsfjármögnun á árinu 2016 og að greiðsla berist undir lok árs vegna skuldabréfs sem er í eigu OR og metið er á 8,6 mkr í uppgjörinu.
- Fjárhagslegir mælikvarðar OR eru enn yfir mörkum arðgreiðsluskilyrða, að frátöldu veltufjárhlutfalli. Fjármálaskrifstofa tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn rýnihóps eigenda að beitt verði varfærni við greiðslu arðs og að lögð verði áhersla á hækkun lánsþæfiseinkunnar fyrirtækisins. Til þess þarf OR m.a. að sýna fram á getu til að ná áfram markmiðum sínum á næstu árum ásamt því að draga úr áhættum í rekstri.

## Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (mkr)	Raun jan-jún 2016	Raun jan-jún 2015	Frávik	%
Rekstrartekjur	1.253	1.200	53	4,4%
Rekstrargjöld	-1.081	-930	-151	16,3%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-1	-7	5	-80,4%
Tekjuskattur	-6	-5	-2	35,4%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>164</b>	<b>259</b>	<b>-94</b>	<b>-36,5%</b>

Sex mánaða uppgjör félagsins inniheldur samstæðu SHS (móðurfélag), SHS fasteignir ehf. og Almannaþing ehf. Höfuðborgarsvæðisins.

**Rekstrarniðurstaða fyrstu sex mánuði ársins 2016 var jákvæð um 164 mkr**, fyrir sama tímabilið árið 2015 var

rekstrarniðurstaðan jákvæð um 259 mkr. Í áætlun ársins var gert ráð fyrir hagnaði upp á rúmar 28 mkr. Í útkomspá er gert ráð fyrir að áætlun ársins standist þar sem seinni helmingur ársins er þyngrri. Talið er líklegt að launaliðurinn fari fram úr áætlun en á móti hækka tekjur vegna sjúkraflutninga meira en gert var ráð fyrir.

**Rekstrartekjur** námu 1.253 mkr sem eru 4,5% hærra tekjur en fyrir sama tímabil árið 2015. Framlag eigenda nam 694 mkr og hækkar ekki milli ára. Tekjur vegna sjúkraflutninga eru 483,5 mkr sem er hækkan um 51 mkr, aðrar sértekjur voru 27 mkr sem er svipað og á sama tímabili í fyrra. Tekjur dótturfélagana voru um 49 mkr sem er hækkan um 4. mkr milli ára.

**Rekstrargjöld** án afskrifta námu 1.039 mkr sem er um 17% hækkan milli ára. Launakostnaður hækkaði um 22,4% á milli ára og fer úr 716 mkr í 877 mkr. Gera má ráð fyrir að launakostnaður hækki enn meira á seinni hluta ársins vegna endurmats á starfsmati frá árinu 2013 sem gildir afturvirktt til 1. maí 2014.

**Heildareignir** námu 2.526 mkr og þar af námu fastafjármunir 2.008 mkr Heildarskuldir voru 719 mkr og hafa lækkað um 136 mkr frá sama tímabili í fyrra. Ástæðan fyrir þessari lækkan er að þeir peningar sem fengust út úr dómamálinu við Lánaþing sveitarfélaga voru notaðir til að greiða upp lán við Íslandsbanka.

**Eigið fé** nam 1.806 mkr og hefur hækkað um 245 mkr frá því í fyrra.

**Fjárfestingahreyfingar** námu 19 mkr en í fyrra voru fjárfestingahreyfingar 48 mkr.

## SHS fasteignir

Undir SHS heyrir dótturfélagið SHS fasteignir, sem á og rekur þau mannvirki sem hýsa starfseminu.

**Rekstrarhagnaður SHS fasteigna fyrstu sex mánuði ársins var 25 mkr** en rekstrarhagnaður á sama tímabili í fyrra var 19 mkr.

**Rekstrartekjur** félagsins voru 82 mkr, rekstrargjöld án afskrifta voru 30 mkr og fjármagnsliðurinn var neikvæður um 9 mkr.

**Heildareignir** námu 1.020 mkr sem er svipað og á sama tímabili í fyrra. Heildarskuldir voru 742 mkr og hafa lækkað um 55 mkr á milli ára.

**Fjárfestingahreyfingar** voru engar á tímabilinu.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar fyrir 6 mánaða uppgjör árin 2012-2016:

SHS - samstæða	2012	2013	2014	2015	2016
Eiginfjárlutfall	32,5%	56,0%	53,4%	64,6%	71,5%
Arðsemi eigin fjár	115,3%	14,4%	21,1%	39,8%	20,0%
Veltufjárlutfall	2,11	1,27	1,63	0,68	1,06
Langtímaskuldir/eigið fé	164,1%	46,9%	53,7%	20,0%	12,8%
Uppgreiðslutími	2	2	2	1	1

## Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- SHS gerði upp lán við Glitni á árinu 2008 með fyrirvara um leiðréttingu á uppgjöri ef niðurstaða dómstóla í gengislanamálum sýndi að um ofgreiðslu hafi verið að ræða. Krafa SHS hljóðar upp á rúmar 213 mkr. SHS tapaði málinu fyrir héraðsdómi nú í apríl sl. en hefur áfrýjað þeim úrskurði til Hæstaréttar. Niðurstöðu Hæstaréttar er að vænta á árinu 2017.
- Skuldahlutföll eru mjög viðunandi. Eiginfjárlutfall hefur hækkað verulega undanfarin ár og er orðið mjög ásættanlegt.
- Rekstrarúttekt á SHS á vegum félagsins og stjórnar SSH stendur yfir og er niðurstöðu og tillagna að vænta á næstu vikum.

Sorpa bs. (mkr)	Raun jan-jún 2016	Raun jan-jún 2015	Frávik	%
Rekstrartekjur	1.567	1.317	250	19,0%
Rekstrargjöld	-1.427	-1.100	-327	29,7%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-7	-7	0	2,5%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>133</b>	<b>210</b>	<b>-77</b>	<b>-36,6%</b>

**Rekstrarniðurstaða fyrstu sex mánuði ársins 2016 var jákvæð um tæpar 133 mkr** en var jákvæð um tæpar 210 mkr á sama tíma árið 2015.

**Rekstrartekjur** voru 1.567 mkr og hækkuðu milli ára um 250 mkr eða um

19,0%. Tekjur voru 50,3% af áætluðum heildartekjum ársins 2016. Helstu skýringar á frávikum milli ára voru þær að móttökugjöld hækkuðu vegna aukins magns og verðlagsbreytinga, tekjur *Góða hirðisins* jukust um 15,4% og sala endurvinnsluafurða jókst um 13,2%. Rekstrartekjur endurvinnslustöðvanna hækkuðu um 31,1%.

**Rekstrargjöld** voru 1.427 mkr og hækkuðu milli ára um 327 mkr eða um 29,7%. Rekstrargjöld voru 50,9% af áætluðum útgjöldum ársins 2016. Brúttókostnaður endurvinnslustöðvanna hækkaði um 31,1% milli ára og var 58,5% af áætluðum heildarútgjöldum endurvinnslustöðvanna (og grenndargámanna). Skýrist sú breyting m.a. vegna verulega aukins magns og umferðar, vegna nýs starfsmats og kjarasamninga. Rekstrarkostnaður grenndargámakerfisins hækkaði einnig vegna breytts fyrirkomulags og aukinnar þjónustu.

**Heildareignir** við lok tímabilsins námu 2.874 og hækkuðu um 11,5% frá fyrra ári, þar af námu fastafjármunir 1.518 mkr og veltufjármunir 1.357 mkr.

**Heildarskuldur** voru 967 mkr í lok tímabils en voru 1.009 mkr árið áður og lækkuðu því um 4,2% frá fyrra ári. Langtímaskuldur voru 298 mkr og lækkuðu um 18,6% á milli ára og skammtímaskuldur voru 414 mkr í lok tímabils, lækkuðu um 1,7% á milli ára.

**Eigið fé** nam 1.908 mkr við lok tímabils og hækkaði um 21,7% milli ára.

**Fjárfestingahreyfingar** voru í heildina 71 mkr og lækkuðu um 40,4% á milli ára en á sama tíma fyrir ári námu fjárfestingarhreyfingar 120 mkr. **Fjárfestingar** í varanlegum rekstrarfjármunum námu 71,5 mkr, þar af voru fjárfestingar á endurvinnslustöðvunum 17,7 mkr. Fjárfestingar í Gufunesi námu 7,1 mkr en fjárfesting í Álfsnesi og svæðisáætlun var 47,8 mkr. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar sem fyrirhuguð var á árinu hefur tafist af ýmsum sökum og því voru fjárfestingar nokkru minni en áætlanir gerðu ráð fyrir.

**Fjármögnunarhreyfingar** Greiddar afborganir **langtímalána** námu 82 mkr en engin ný lán voru tekin á tímabilinu.

**Handbært fé frá rekstri** í lok tímabils nam 106 mkr, en var 319 mkr fyrir ári og lækkar því um 213 mkr milli tímabila. Skýringar á þessari breytingu er að meginhluta sú að rekstrarhagnaður minnkaði milli tímabila um 77 mkr, og skammtímakröfur hækkuðu um 100 milljónir milli tímabila. Megin skýringin er sú að eigendur SORPU hafa ekki gert upp rekstrarhalla af rekstri endurvinnslustöðvanna árið 2015. **Handbært fé** í lok tímabils nam 890 mkr, en var 812 mkr fyrir árið síðan og hefur því hækkað um 78 mkr á milli ára eða um 9,6%.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SORPU bs. fyrir 6 mánaða uppgjör árin 2012-2016:

Sorpa	2012	2013	2014	2015*	2016
Eiginfjárlutfall	68,8%	68,6%	64,5%	60,8%	66,4%
Arðsemi eigin fjár	-4,1%	2,5%	8,7%	30,9%	15,0%
Veltufjárlutfall	1,37	1,64	2,31	2,65	3,28
Langtímaskuldur/eigið fé	18,8%	19,7%	29,5%	23,3%	15,6%
Uppgreiðslutími	3	2	2	1	1

\*Á síðari hluta ársins 2014 var breytt um reikningsskilaaðferð við reikningsfærslu endurvinnslustöðva sem hefur áhrif á eiginfjárlutfall, arðsemi eiginfjár og hlutfallið langtímaskuldur/eigið fé. Kennitölum fyrri ára hefur ekki verið breytt til samræmis.

## Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaðan er ásættanleg og staða handbærs fjár sterk.
- Helstu áhættur í rekstri SORPU tengjast ytra efnahagsumhverfi og eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins.
- Fyrirhugaðar eru miklar fjárfestingar vegna hertra reglna um meðferð og urðun úrgangs. Mikilvægt er að greina valkosti og hagkvæmni þeirra, fjármögnun og áhrif á notendur þjónustunnar og eigendur SORPU.
- Rekstrarúttekt á SORPU á vegum félagsins og stjórnar SSH stendur yfir og er niðurstöðu og tillagna að vænta á næstu vikum.

## Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Eigendur SORPU hafa ekki gert upp rekstrarhalla af rekstri endurvinnslustöðvanna árið 2015 sem nam 50,8 mkr.

## Strætó bs

Strætó bs. (mkr)	Raun jan-jún 2016	Raun jan-jún 2015	Frávik	%
Rekstrartekjur	3.618	3.288	330	10,0%
Rekstrargjöld	-3.665	-3.306	-359	10,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4	1	3	265,2%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-43</b>	<b>-17</b>	<b>-26</b>	<b>150,3%</b>

**Rekstrarniðurstaða fyrstu sex mánuði ársins 2016 var neikvæð um 43 mkr**, sem er betri afkoma en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir en þar var gert ráð fyrir 121 mkr tapi fyrstu sex mánuði ársins.

**Rekstrartekjur** Strætó voru um 3.618

mkr sem er um 147 mkr hærra en áætlun gerði ráð fyrir. **Fargjaldatekjur** voru 812 mkr sem er nokkur vegin í takt við áætlun tímabilsins. **Framlög frá eigendum** voru 1.491 mkr og eru í takt við áætlun. **Tekjur vegna aksturs fyrir fatlaða** voru um 88 mkr hærra en áætlað var, þar vegur þyngst að kostnaður vegna skólaaksturs fatlaðra barna á höfuðborgarsvæðinu er hærra en áætlun gerði ráð fyrir. **Framlag ríkissjóðs** var um 45 mkr hærra en áætlun gerði ráð fyrir. **Aðrar tekjur** voru mjög sambærilegar og á sama tíma í fyrra eða um 93 mkr sem er í takt við áætlun.

**Rekstrargjöld** Strætó án afskrifta námu 3.567 mkr sem er um 99 mkr hærra en áætlað var, þar vegur þyngst aukinn aksturskostnaður vegna fatlaðra skólabarna. Kostnaður **almenningsvagna og leiðakerfis** nam samtals 2.602 mkr sem er í takt við áætlun. **Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** var 188 mkr og er um 11% hærra en áætlun gerði ráð fyrir, þar vegur þyngst aukinn kostnaður við umsýslu akstursþjónustu fyrir fatlaða og lögfræðikostnaður vegna yfirstandandi dóms- og kærumála.

**Heildareignir** Strætó voru í lok tímabils 2.618 mkr, þar af voru fastafjármunir 1.557 mkr og veltufjármunir 1.061 mkr. Heildarskuldir voru 954 mkr þar af voru langtímaskuldir 71 mkr og viðskipta- og aðrar skammtímaskuldir 883 mkr. Vaxtaberandi skuldir í júnílok námu 174 mkr. Engin ný **langtímalán** voru tekin á tímabilinu og gert er ráð fyrir að langtímaskuldir Strætó verði greiddar upp á næstu 2 árum.

**Eigið fé** í lok júní var um 1.664 mkr en var um 1.706 mkr í ársbyrjun sem skýrist af rekstrartapi tímabilsins.

Á fyrstu sex mánuðum 2016 var **fjárfest** fyrir um 58 mkr þar af var greiðsla fyrir einn strætisvagna að fjárhæð 35 mkr sem var hluti af fjárfestingu 2015 og 23 mkr fjárfesting í upplýsingatækni.

Gert er ráð fyrir að á síðari hluta ársins verði gengið frá fjárfestingu í nýjum vögnum fyrir allt að 320 mkr og að fjárfest verði fyrir um 40 mkr í nýjum farþegatalningarbúnaði. Jafnframt er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir allt að 27 mkr til viðbótar í upplýsingatækni, þ.e. áframhaldandi þróun á rafrænum greiðslumöguleikum og nýrri heimasíðu.

**Handbært fé frá rekstri** í lok tímabils nam 254 mkr samanborið við 198 mkr á samátímabili árið 2015. **Handbært fé** var 658 mkr í lok júní og lækkaði um 59 mkr frá áramótum eða um rúmlega 8%.

**Málaferli og kærur** Höfðuð hafa verið tvö mál á hendur Strætó bs. fyrir héraðsdómi af aðilum sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010.

Í fyrra málinu krafðist stefnandi viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögætrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp hinn 31. mars sl. Í dómi héraðsdóms var réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali viðurkenndur. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar til endurskoðunar á niðurstöðu héraðsdóms.

Í seinna málinu krafðist stefnandi skaðabóta að fjárhæð 530 mkr vegna meints fjártjóns í formi missis hagnaðar og kostnaðar við þátttöku í útboðinu. Dómur í málinu var kveðinn upp hinn 16. júní sl. Héraðsdómur taldi skilyrðum skaðabótaábyrgðar vera fullnægt í málinu en taldi ætlað fjártjón stefnanda vegna missis hagnaðar nema 100 mkr. Áfrýja má dóminum til Hæstaréttar innan þriggja mánaða frá dómsuppsögu í héraðsdómi.

Nokkrir rammasamningshafar um framkvæmd tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna hafa kært Strætó til Kæruneftdar útboðsmála. Í málinu var þess krafist að kæruneftndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintra brota gegn skilmálum rammasamnings við framkvæmd akstursþjónustunnar. Hinn 21. júní sl. komst kæruneftnd útboðsmála að Strætó hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt rammasamningi við forgangsröðun rammasamningshafa við framkvæmd akstursþjónustunnar og kaup á akstursþjónustu af aðilum utan rammasamnings. Lét

kærunefndin í ljós það álit að Strætó væri skaðabótaskyld gagnvart kærendum, en engin afstaða var tekin til umfangs hugsanlegs fjártjóns kæranda. Niðurstaðan kærunefndarinnar er til skoðunar hjá Strætó.

Meðfylgjandi tafla dregur saman **kennitölur** Strætó bs. fyrir 6 mánaða uppgjör árin 2012-2016:

Strætó	2012	2013	2014	2015	2016
Eiginfjárlutfall	32,7%	48,2%	58,7%	65,7%	63,5%
Arðsemi eigin fjár	-9,3%	33,3%	17,0%	-2,0%	-5,0%
Veltufjárlutfall	1,60	2,17	2,11	1,65	1,20
Langtímaskuldir/eigið fé	95,4%	41,6%	19,2%	10,3%	4,3%
Uppgreiðslutími	8	1	1	2	2

### Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða félagsins var neikvæð á tímabilinu um 43 mkr sem 78 mkr betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir þrátt fyrir að gjaldfærð hafi verið 100 mkr varúðarniðurfærsla vegna yfirstandandi dómsmáls.
- Rekstrarhagræðing sem lagt var upp með í fjárhagsáætlun félagsins að fjárhæð 252 mkr fyrir árið í heild gengur í takt við áætlun og útlit er fyrir hagræðingarmarkmiðið náist fyrir árslok.
- Rekstrarúttekt á Strætó á vegum félagsins og stjórnar SSH stendur yfir og er niðurstöðu og tillagna að vænta á næstu vikum.

### Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Í maí 2012 var undirritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og voru markmið og tilgangur samningsins að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Til að ná fram markmiðum samningsins myndi árlegt framlag ríkisins til Strætó nema 924 mkr m.v. árið 2013 og hækka í samræmi við verðlag ár hvert. Eigendur Strætó skuldbundu sig einnig til þess að árlegt framlag þeirra til reksturs Strætó bs yrði ekki lægra á samningstímanum en sem nemur 2.347 mkr. Að auki má nefna að í samningum kemur fram að 85% endurgreiðsla á olúgjaldinu er afnumin í áföngum á árunum 2013 og 2014 og að fullu 1. janúar 2015 sem hækkar kostnað Strætó um 218 mkr á ári, þ.s. Strætó þarf að endurgreiða verktökum þann hluta af olúgjaldinu sem þeir hefðu annars fengið endurgreiddan. Í meðfylgjandi töflu er sýnd samningsbundin fjárhæð ríkisins og hvað ríkið greiddi árin 2012 til júní 2016. Uppsafnaður mismunur nam 257 mkr í lok júní.

Allar fjárhæðir í mkr.	2012	2013	2014	2015	2016*
Framlagið skv. samningi, með hækkun vegna verðlagsbreytinga, gr. 6. liður iii	350	902	926	927	924
Framlagið - raun og áætlað 2016	350	903	823	806	890
Mismunur frá því sem fram kemur í samningi og raun framlagi	0	-1	103	121	34
Uppsafnaður mismunur	0	-1	102	223	257

\*Fjárlög 2016

## Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu. Í þessu sambandi blasir við hvað B-hluta fyrirtækin hafa flest fjarlægst hratt borgarráð og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og þekking og innsýn í rekstur þeirra og fjárhagsstöðu fer að sama skapi dvínandi. Samtímis er ljóst að Reykjavíkurborg ber ýmist beina eða óbeina ábyrgð á þessum fyrirtækjum og þjónustuhlutverkum þeirra og afkoma fyrirtækjanna getur haft afdrifarík áhrif á stöðu A-hluta borgarsjóðs.

**Byggðasamlögin**, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó, eru samrekstrarfélög sveitarfélaga sem hvert um sig ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Í þessu ljósi er mikilvægt að ákvarðanir um fjárhagsskipan og fjárfestingar séu teknar með virkri aðkomu borgarráðs og hlutaðeigandi bæjarráða. Þá er einnig æskilegt að hlutaðeigandi sveitarfélög fjármagni sjálf aukin framlög eigenda vegna rekstrar eða fjárfestinga byggðasamlaga fremur en að fyrirtækin safni upp skuldum. Ennfremur ættu þau að gera upp lífeyrisskuldbindingar með samtímagreiðslum.

**Félagsbústaðir** er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Félagsbústaðir hf. eiga og reka yfir 2300 leiguíbúðir í Reykjavík.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

**Malbikunarstöðin Höfði hf.** er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum tveggja fyrirtækja, Höfða og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

**Orkuveita Reykjavíkur** er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísi, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningsskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Þann 1. janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skylt að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Þá tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Veitubjónustan verður áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu. Í móðurfélagi breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, verður sameignleg stoðþjónusta við dótturfélög s.s. fjármál, gæða, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

**Íprótta- og sýningarhöllin hf.** er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs** er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,82% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

**Sorpa bs** er 66,7% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Sorpa annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

**Strætó bs** er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningsgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

**Jörundur** er einkahlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar, félagið er ekki lengur í rekstri og er í slitameðferð.

**Aflvaki** er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið var ekki í rekstri það sem af er árinu 2016.